

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ELKEM ÍSLAND EHF.

Dagsetning	4. júní 2011	Fulltrúar UST	Ólafur Kristinn Tryggvason og Kristján Geirsson
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Starfsleyfi gildir til	1. september 2025
Heimilisfang	Grundartanga, 301 Akranes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640675-0209	Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Pétursson
Isat nr.	24.10.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	64°21,444`N, 21°47,138`W
Starfsemi	Framleiðsla á járnbendi		

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik og tvær athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu. Farið var fram á að niðurstöður frárennismælinga sem gerðar voru í desember 2010 yrðu sendar á Umhverfisstofnun sem fyrst. Niðurstöður frárennismælinga á síðasta ári hafa verið yfir leyfilegum mörkum og þá sérstaklega svifagnir sem hafa verið langt yfir leyfilegum mörkum. Umhverfisstofnun hafa ekki borist neinar frárennismælingar það sem af er þessu ári.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar samkvæmt gr. 1.5 í starfsleyfi. Sú áætlun hefur ekki borist.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á því að funda með eftirlitsþega. Á fundinum var farið yfir gögn sem fyrirtækið hefur skilað til Umhverfisstofnunar í samræmi við starfsleyfi. Einnig var farið yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu og ákvæði í starfsleyfi. Á kynningafundi iðjuveranna á Grundartanga sem haldinn var á hótél Glym í Hvalfirði 7. apríl sl. hafði þegar verið kynntar niðurstöður vöktunar- og umhverfismælinga.

Að fundi loknum var farið í eftirlit um fyrirtækið. Kannað var ástand hráefnisgeymsla ásamt öðrum útisvæðum og síðan var framleiðsluferlinu fylgt í gegnum verksmiðjuna þar til hráefnið var orðið að afurð. Þá var stjórnstöðin fyrir ofnana einnig skoðuð.

## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Svifagnir í frárennsli eru fyrir ofan leyfð mörk í starfsleyfi. Ástandið hefur farið batnandi en rekstraraðila hefur ekki tekist að koma ástandinu í viðunandi horf. Viðmiðunarmörk á svifögnum í frárennsli í

Skjalnúmer: SNI-001

Útg.: 2.0

starfsleyfi eru 50 mg/l en í síðustu mælingu á svifögnum, sem fram fór eftir að eftirlitið fór fram, mældust svifagnir 65 mg/l.

**Fráviki frá:**

Gr. 2.16 í starfsleyfi.

**Frávik 2:**

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt grein 1.5 bar rekstraraðila að skila til Umhverfisstofnunar áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis, eða 20. ágúst 2010.

**Fráviki frá:**

Gr. 1.5 í starfsleyfi.

**Athugasemd 1:**

Samkvæmt gr. 2.7 í starfsleyfi er gert ráð fyrir takmörkuðu reyklosi frá starfseminni. Þó að slík losun sé í samræmi við starfsleyfi eru þau áberandi frá næsta nágrenni verksmiðjunnar og eru uppspretta óánægju og kvartana frá íbúum. Umhverfisstofnun hvetur til þess að þegar reykslepp verða birti rekstraraðili upplýsingar á heimasíður fyrirtækisins með greinargóðum útskýringum á ástæðum reyksleppingar. Það sama á við þegar verið er að keyra ofna upp eftir ofnstopp og ekki hægt að hafa reykhreinsivirki ofnsins í ganga á meðan gufan gengur út úr steininum.

**Athugasemd 2:**

Ekki hafa borist mælingar á frárennsli á árinu 2011.

Reykjavík, 2/11/2011

---

Ólafur Kristinn Tryggvason

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.